

# Kikk ræður trommara

Þótt hljómsveitin Kikk sé ekki gömul hafa þegar verið gerðar tvær breytingar á skipan hennar. Sú fyrri varð er Gunnar Rafnsson gekk í Egó og Nikulás Róbertsson tók sæti hans og sú síðari átti sér stað í síðustu viku. Þá gekk trymbillinn úr sveitinni en hans sæti tekur Jón nokkur Björgvinsson.

Jón þessi sat áður á bak við trommusettið hjá hljómsveitinni KOS (Choice?) og skilaði hlutverki sínu þar með mikilli þryði. Er ekki að efa að hann á eftir að reynast Kikk góður liðsauki þegar fram liða stundir. Þessa dagana mun hann vera að koma sér inn í prógrammið hjá sveitinni.